



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum árunum 2017 - 2019

**2019**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu níu mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 9,8% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölga tilkynningum um 12,8% ef miðað er við fyrstu níu mánuði ársins 2017. Fjöldi tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 var 8.242 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, en fækkaði lítillega á höfuðborgarsvæðinu miðar við árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 42,4% tilkynninga. Þetta hlutfall var einnig 42,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 og 38,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 var 26,1%, 24,5% fyrir sama tímabil árið á undan og 27,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 30,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, 31,9% fyrir sama tímabil árið á undan og 33,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 14,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, 14,2% fyrir sama tímabil árið á undan og 11,4% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, 7,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 8,0% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 44,1% tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, hlutfallið var 43,7% fyrir sama tímabil árið á undan og 44,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 var 6.567 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 5.860 börn og 5.786 börn á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

### **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan úr 129 umsóknum í 103. Umsóknir voru 107 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Flestar umsóknir bárust um MST en fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölbættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.

Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá Reykjavík eða 40,8% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 úr 91 beiðni í 121 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 137 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 38,8% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði úr 173 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 í 163 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 181 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Skýrslutökur fyrir dómi voru 88 á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, 91 fyrir sama tímabil árið á undan en 82 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 82 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 í 75 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 99 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 var 84 börn, en þau voru 85 fyrir sama tímabil árið og undan og 103 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 182 í 159 á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 166 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Vistunardögum fækkaði úr 1.040 dögum á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 í 883 daga fyrir sama tímabil á árinu 2019, en vistunardagar á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 voru 1.044. Alls komu 65 börn á lokaða deild á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, en þau voru 69 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 77 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði miðað við árin á undan, voru 37 á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, 54 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 43 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.206	43,9	3.221	42,9	3.552	43,1
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	1.861	25,5	1.980	26,4	1.897	23,0
Landsbyggð <sup>2</sup>	2.242	30,7	2.304	30,7	2.793	33,9
<b>Samtals</b>	<b>7.309</b>	<b>100,0</b>	<b>7.505</b>	<b>100,0</b>	<b>8.242</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


<sup>2</sup>Upplýsingar um fjölda tilkynninga hefur ekki borist varðandi allt tímabilið frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar, Fjölskyldu- og velferðarráði Suðurnesjabæjar og Voga og Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar.

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	4.065	55,6	4.017	53,5	4.420	53,6
Stúlkur	3.177	43,5	3.409	45,4	3.760	45,6
Ekki vitað <sup>1</sup>	67	0,9	79	1,0	62	0,8
<b>Samtals</b>	<b>7.309</b>	<b>100,0</b>	<b>7.505</b>	<b>100,0</b>	<b>8.242</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi tilkynninga



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði<sup>1</sup>

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.264	39,1	2.246	38,3	2.623	39,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>2</sup>	1.548	26,8	1.674	28,6	1.858	28,3
Landsbyggð <sup>3</sup>	1.974	34,1	1.940	33,1	2.086	31,8
<b>Samtals</b>	<b>5.786</b>	<b>100,0</b>	<b>5.860</b>	<b>100,0</b>	<b>6.567</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

<sup>2</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

<sup>3</sup>Upplýsingar um fjölda tilkynninga hefur ekki borist varðandi allt tímabilið frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar, Fjölskyldu- og velferðarráði Suðurnesjabæjar og Voga og Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.222	55,7	3.187	54,4	3.544	54,0
Stúlkur	2.505	43,3	2.634	44,9	2.984	45,4
Ekki vitað <sup>1</sup>	59	1,0	39	0,7	39	0,6
<b>Samtals</b>	<b>5.786</b>	<b>100,0</b>	<b>5.860</b>	<b>100,0</b>	<b>6.567</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.105	70,9	4.267	73,8	4.531	69,0
Drengir	2.240	54,6	2.282	53,5	2.395	52,9
Stúlkur	1.824	44,4	1.951	45,7	2.109	46,5
Ekki vitað <sup>2</sup>	41	1,0	34	0,8	27	0,4
Þar af nýjar kannanir	2.050	35,4	2.133	36,4	2.164	33,0
Drengir	1.070	52,2	1.130	53,0	1.140	52,7
Stúlkur	955	46,6	983	46,1	1.012	46,8
Ekki vitað <sup>2</sup>	25	1,2	20	0,9	12	0,6

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>2.831</b>	<b>38,7</b>	<b>3.185</b>	<b>42,4</b>	<b>3.495</b>	<b>42,4</b>
<i>Drengir</i>	1.527	20,9	1.661	22,1	1.704	20,7
<i>Stúlkur</i>	1.304	17,8	1.524	20,3	1.791	21,7
Líkamleg vanræksla	173	2,4	157	2,1	168	2,0
<i>Drengir</i>	117	1,6	82	1,1	88	1,1
<i>Stúlkur</i>	56	0,8	75	1,0	80	1,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.430	33,2	2.726	36,3	3.036	36,8
<i>Drengir</i>	1.289	17,6	1.418	18,9	1.482	18,0
<i>Stúlkur</i>	1.141	15,6	1.308	17,4	1.554	18,9
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	836	11,4	1.062	14,2	1.201	14,6
<i>Drengir</i>	431	5,9	545	7,3	563	6,8
<i>Stúlkur</i>	405	5,5	517	6,9	638	7,7
Vanræksla varðandi nám	126	1,7	152	2,0	144	1,7
<i>Drengir</i>	68	0,9	95	1,3	85	1,0
<i>Stúlkur</i>	58	0,8	57	0,8	59	0,7
Tilfinningaleg vanræksla	208	2,8	225	3,0	240	2,9
<i>Drengir</i>	117	1,6	114	1,5	104	1,3
<i>Stúlkur</i>	91	1,2	111	1,5	136	1,7
<b>Ofbeldi</b>	<b>1.985</b>	<b>27,2</b>	<b>1.838</b>	<b>24,5</b>	<b>2.154</b>	<b>26,1</b>
<i>Drengir</i>	940	12,9	898	12,0	1.044	12,7
<i>Stúlkur</i>	1.045	14,3	940	12,5	1.110	13,5
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.202	16,4	1.125	15,0	1.432	17,4
<i>Drengir</i>	613	8,4	560	7,5	709	8,6
<i>Stúlkur</i>	589	8,1	565	7,5	723	8,8
Þar af heimilisofbeldi	588	8,0	547	7,3	702	8,5
<i>Drengir</i>	295	4,0	267	3,6	349	4,2
<i>Stúlkur</i>	293	4,0	280	3,7	353	4,3
Líkamlegt ofbeldi	466	6,4	415	5,5	469	5,7
<i>Drengir</i>	259	3,5	244	3,3	261	3,2
<i>Stúlkur</i>	207	2,8	171	2,3	208	2,5
Kynferðislegt ofbeldi	337	4,6	329	4,4	319	3,9
<i>Drengir</i>	86	1,2	116	1,5	102	1,2
<i>Stúlkur</i>	251	3,4	213	2,8	217	2,6


<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>2.423</b>	<b>33,2</b>	<b>2.393</b>	<b>31,9</b>	<b>2.528</b>	<b>30,7</b>
<i>Drengir</i>	1.596	21,8	1460	19,5	1.669	20,2
<i>Stúlkur</i>	827	11,3	933	12,4	859	10,4
Neysla barns á vímuefnum	395	5,4	458	6,1	502	6,1
<i>Drengir</i>	231	3,2	259	3,5	314	3,8
<i>Stúlkur</i>	164	2,2	199	2,7	188	2,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	969	13,3	984	13,1	922	11,2
<i>Drengir</i>	558	7,6	496	6,6	528	6,4
<i>Stúlkur</i>	411	5,6	488	6,5	394	4,8
Afbrot barns	611	8,4	468	6,2	552	6,7
<i>Drengir</i>	458	6,3	343	4,6	420	5,1
<i>Stúlkur</i>	153	2,1	125	1,7	132	1,6
Barn beitir ofbeldi	338	4,6	364	4,9	426	5,2
<i>Drengir</i>	290	4,0	298	4,0	332	4,0
<i>Stúlkur</i>	48	0,7	66	0,9	94	1,1
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	179	2,4	180	2,4	220	2,7
<i>Drengir</i>	106	1,5	98	1,3	130	1,6
<i>Stúlkur</i>	73	1,0	82	1,1	90	1,1
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>70</b>	<b>1,0</b>	<b>89</b>	<b>1,2</b>	<b>65</b>	<b>0,8</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>7.309</b>	<b>100,0</b>	<b>7.505</b>	<b>100,0</b>	<b>8.242</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>291</b>	<b>100,0</b>	<b>358</b>	<b>100,0</b>	<b>489</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	157	54,0	177	49,4	242	49,5
<i>Stúlkur</i>	125	43,0	173	48,3	237	48,5
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	9	3,1	8	2,2	10	2,0

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.





## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálf	49	0,7	44	0,6	34	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	359	4,9	456	6,1	397	4,8
Nágrannar	422	5,8	506	6,7	570	6,9
Önnur barnaverndarnefnd	138	1,9	92	1,2	140	1,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	188	2,6	186	2,5	236	2,9
Lögregla	3.224	44,1	3.277	43,7	3.634	44,1
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	873	11,9	850	11,3	994	12,1
Leikskóli/gæsluforeldri	166	2,3	170	2,3	161	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	726	9,9	753	10,0	842	10,2
Foreldrar barns	531	7,3	585	7,8	575	7,0
Aðrir	633	8,7	586	7,8	659	8,0
<b>Samtals</b>	<b>7.309</b>	<b>100,0</b>	<b>7.505</b>	<b>100,0</b>	<b>8.242</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	26	24,3	29	22,5	21	20,4
Önnur meðferðarheimili*	18	16,8	17	13,2	15	14,6
MST	63	58,9	83	64,3	67	65,0
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>100,0</b>	<b>129</b>	<b>100,0</b>	<b>103</b>	<b>100,0</b>

\* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017).

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	44	41,1	44	34,1	42	40,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	33	30,8	43	33,3	25	24,3
Landsbyggð	30	28,1	42	32,6	36	35,0
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>100,0</b>	<b>129</b>	<b>100,0</b>	<b>103</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	67	62,6	80	62,0	68	66,0
Stúlkur	40	37,4	49	38,0	35	34,0
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>100,0</b>	<b>129</b>	<b>100,0</b>	<b>103</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	104	76,5	51	56,0	77	63,6
Varanlegt	22	15,4	21	23,1	23	19,0
Styrkt	11	8,1	19	20,9	21	17,4
<b>Samtals</b>	<b>137</b>	<b>100,0</b>	<b>91</b>	<b>100,0</b>	<b>121</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	58	42,3	28	30,8	47	38,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	29	21,2	27	29,7	32	26,4
Landsbyggð	50	36,5	36	39,5	42	34,7
<b>Samtals</b>	<b>137</b>	<b>100,0</b>	<b>91</b>	<b>100,0</b>	<b>121</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	77	56,2	50	54,9	63	52,1
Stúlkur	60	43,8	41	45,1	58	47,9
<b>Samtals</b>	<b>137</b>	<b>100,0</b>	<b>91</b>	<b>100,0</b>	<b>121</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu níu mánuðir 2017	Fyrstu níu mánuðir 2018	Fyrstu níu mánuðir 2019
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	181	173	163
a. Skýrslutökur	82	91	88
Vegna kynferðislegs ofbeldis	50	59	61
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	32	32	27
b. Könnunarviðtöl	99	82	75
Þar af við fylgdarlaus börn	10	0	2
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila <sup>3</sup>	5	0	3
Greiningar- og meðferðarviðtöl	103	85	84
Læknisskoðanir	4	8	3

Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í fjórum tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og í tveimur tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2019.

### Kyn barna í Barnahúsi<sup>1</sup>

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	56	30,9	75	43,4	55	33,7
Stúlkur	125	69,1	98	56,6	108	66,3
<b>Samtals</b>	<b>181</b>	<b>100,0</b>	<b>173</b>	<b>100,0</b>	<b>163</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Lokuð deild á Stuðlum

### Lokuð deild á Stuðlum<sup>1</sup>

	Fyrstu níu mánuðir 2017	Fyrstu níu mánuðir 2018	Fyrstu níu mánuðir 2019
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	166	182	159
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	1.044	1.040	883
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	148	0	
Fjöldi einstaklinga	77	69	65

### Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	50	64,9	39	56,5	41	63,1
Stúlkur	27	35,1	30	43,5	24	36,9
<b>Samtals</b>	<b>77</b>	<b>100,0</b>	<b>69</b>	<b>100,0</b>	<b>65</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu níu mánuðir 2017		Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	25	58,1	29	53,7	20	54,1
Vesturland	2	4,7	5	9,3	3	8,1
Vestfirðir	0	0,0	1	1,8	1	2,7
Norðurland	3	7,0	5	9,3	5	13,5
Austurland	1	2,3	6	11,1	0	0,0
Suðurland	8	18,6	7	13,0	4	10,8
Reykjanes	3	7,0	1	1,8	4	10,8
Fólk búsett erlendis	1	2,3	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>43</b>	<b>100,0</b>	<b>54</b>	<b>100,0</b>	<b>37</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.